

Veitur ohf., kt. 501213-1870, Bæjarhálsi 1, Reykjavík og Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, Stillholti 16-18, Akranesi, gera með sér svohljóðandi:

## VIÐAUKA VIÐ SAMNING

um lóðarmál og flutning aðveitustöðvar rafmagns, dagsettan 27. apríl 2007.

Við uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) árið 2014 tóku Veitur ohf. við skuldbindingum vegna samnings milli Akraneskaupstaðar og OR um lóðarmál og flutning aðveitustöðvar rafmagns, dags. 27. apríl 2007, og viðauka sem gerður var við hann, dags. 22. september 2009. Eru Veitur því viðsemjandi Akraneskaupstaðar nú í stað OR áður.


Í samræmi við framangreindan samning munu Veitur ljúka við flutning aðveitustöðvar rafmagns frá Þjóðbraut 44 að Smiðjuvöllum 24 mitt árið 2016.

Aðilar samnings eru sammála um að vegna þeirrar frestunar sem varð á framkvæmdum skuli þær afborganir sem eftir eru (afborgun 2-6) dreifast á jafnmörg ár. Skulu þær greiðast þann 25. apríl hvert ár, sú næsta þann 25. apríl 2016 og síðan árlega eftir það. Útistandandi fjárhæð er verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar nú 430,8 stig (febrúar 2016), en án vaxta, og nemur hún kr. 188.713.516.

Með hliðsjón af því að afborganir verði færðar aftur framlengist gildistími framangreinds samnings um jafnmörg ár og þær afborganir sem eftir eru. Mun hann því gilda þar til allar afborganir hafa verið inntar af hendi, eða til og með þess dags er afborgun verður innt af hendi á árinu 2020. Að öðru leyti standa önnur ákvæði samningsins óbreytt.

Reykjavík, 22.2. 2016


F.h. Veitna ohf.


  
Inga Dóra Hrólfsdóttir

F.h. Akraneskaupstaðar

  
Regína Ásvaldsdóttir

Vottar:

  
Jónhild Samundsdóttir hdl.  
100976-3159

  
060987-4466